

Föstudaginn 4. febrúar 1966.

Nr. 207/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sólvin Elvari Kristjónssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Einnig ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu ákærða til Landsbanka Íslands á vixilfjárhæðinni, kr. 28.-500.00, ásamt vöxtum, þóknun og afsagnarkostnaði, eins og í héraðsdómi greinir, en innheimtulaun, kr. 4.000.00, verða ekki dæmd, þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar ber ákærða að greiða, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda í Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Sólvin Elvars Kristjónssonar, og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 28.500.00 ásamt 8,5% ársvöxtum frá 30. desember 1964 til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ vixilfjárhæðar í þóknun og afsagnarkostnað kr. 121.00.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1965.

Ár 1965, föstudaginn 21. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2896/1965: Ákærvaldið gegn Sólvin Elvari Kristjónssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 27. apríl 1965, gegn Sólvin Elvari Kristjónssyni matsveini, Þrastargötu 4 hér í borg, fæddum 3. apríl 1938 í Reykjavík,

„fyrir að falsa nafn móður sinnar, Sólveigar Kristjánsdóttur, sem útgefanda og framseljanda á víxil að upphæð kr. 28.500.00, dagsettan 30. október 1964, með gjalddaga 30. desember 1964 og selja Landsbanka Íslands víxlinn á útgáfudegi hans til framlengingar víxli, sem nafn móður hans var ekki á.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og geiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru sem hér greinir:

Ákærði hafði hinn 20. júní 1964 selt í Landsbanka Íslands 28.500 króna víxil til framlengingar hluta af víxilskuld að fjárhæð 30.000 kr. Var hann sjálfur samþykkjandi, en kona hans, Hrönn Jónsdóttir, útgefandi. Hinn 30. október seldi ákærði bankanum nýjan 28.500 króna víxil til framlengingar. Var hann sjálfur samþykkjandi, en ákærði hafði sjálfur í heimildarleysi ritað nafn móður sinnar, Sólveigar Kristjánsson, sem útgefanda að víxlinum. Ákærði kveður bankastjóra ekki hafa talið nægilegt, að kona ákærða væri ein á víxlinum auk ákærða og lagt fyrir hann að fá annan útgefanda. Kveðst ákærði þá hafa gripið til þess að falsa nafn móður sinnar, enda kveðst hann ekki hafa komið sér að því að biðja hana að vera útgefandi að víxlinum.

Ákærði hefur ekkert greitt af víxilskuldinni.

Með framangreindri notkun falsaðs skjals hefur ákærði brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt þessum refsíðómum:

1956 5/4	1.500 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum. Svíptur ökuleyfi 6 mán.
1956 21/12	3.000 kr. sekt fyrir brot gegn áfengis- og bifreiðalögum og 259. gr. hegningarlaga. Svíptur ökuleyfi 1 ár.

- 1957 18/2 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Sviptur ökuleyfi 1 ár.
- 1957 16/10 15 daga varðhald fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

Þá hefur ákærði 7 sinnum sætt á greiðslu sekta, þar af tvisvar (22. jan. 1963 og 6. marz 1964) fyrir tékkamisferli, en með því mun vera átt við brot gegn 261. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Ákærði hefur að vísu ekki fyrr verið dæmdur fyrir skjalafals né auðgunarbrot, en þegar litið er til fortíðar hans að öðru leyti og þess, að ákærði hefur engan lit sýnt á að greiða bætur fyrir brot sitt, þykja ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Samkvæmt kröfu Landsbanka Íslands, er ákærði hefur samþykkt, verður ákærði dæmdur til að greiða bankanum víxilfjárhæðina með 8,5% ársvöxtum frá 30. desember 1964, en það er gjalddagi víxilsins, svo og 1/3% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, afsagnarkostnað kr. 121.00 og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sólvin Elvar Kristjánsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 28.500.00 ásamt 8,5% ársvöxtum frá 30. des. 1964 til greiðsludags, 1/3% víxilfjárhæðar í þóknun, afsagnarkostnað kr. 121.00 og kr. 4.000.00 í málskostnað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.